

Tvistur er þaðmullarþráður. Hann er ekki vefnaður, og þess vegna ekki vefnaðarvara, og er hvorki fatnaður nje tvinni.

9
28. febr.

Segldúkur, tilbúin segl, (sem ekki fylgja aðkeyptu skipi), strigapokar og hörtvinni eiga því að tollast eftir 1. gr. 3, en vaxdúkur, línóleum, sniðið leður í stígvjel og tvistur eftir 1. gr. 6.

6. Þá spyrjið þjer hvort eigi beri að tolla *sag* og *hefilsþæni* samkvæmt 1. gr. 6, þarsem þessar vörutegundir komast hvorki undir trjávið eða aðrar timburvörur, sem nefndar eru í 1. gr. 5, og verður að svara spurningunni játandi.

7. Þjer spyrjist enn fremur fyrir um *bensín*. Bensín er dregið út úr steinkolatjörü eða steinolíu, og notað mest sem eldsneyti undir mótorá, og er að því leyti notað eins og steinolía. Bensín ber að tolla eftir 1. gr. 1. *Blackfernis* sem tjörü.

8. Þjer spyrjist enn fremur fyrir um, hvornig tolla skuli *auglýsingaspjöld*, *almanaksspjöld* og *annan prentaðan pappír*, sjerstaklega dagblöð, ætluð til umbúða, og *prentuð eyðublöð*. Af þessum vörutegundum verður að tolla auglýsingaspjöld eftir 1. gr. 6, en hinar allar eru tollfrjálsar, eins og bækur og blöð eftir undantekningunni í 1. gr.

9. Þjer spyrjist enn fremur fyrir um, *járnkvarts* og *legsteina*. Af þessu tvennu er járnkvarts tollfrjálst eins og óhreinsað járn, en legsteina verður að tolla eftir 1. gr. 6.

10. Þá spyrjist þjer fyrir um, hvornig eigi að haga tollheimtunni þegar ýmsar vörutollsvörur af ýmsum flokkum koma í sama kassa, eða í kassa með vörutollsvörum eru aðrar tollskyldar vörur, svo sem kaffi, sykur o. s. frv., eða þá tollfrjálsar vörur. Í slíkum tilfellum verður að heimta skýrslu viðtakanda um það, hversu mikill þungi af hverri tegund sje í kassanum, og haga tollálagnunni eftir því, eða rannsaka vörurnar í kassanum, ef skýrsla viðtakanda þykir ekki ábyggileg.

11. Útaf fyrirspurn yðar um enskar smálestir, sem eru lítið hærri en danskar, er því að svara, að smálest er eftir gildandi lögum 1000 kg. eða 2000 pd.

Brjef stjórnnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjardarsýslu um flutning þingstaðar. 10

Samkvæmt tillögum yðar, hr. sýslumaður, í brjefi, dags. 22. f. m., og beiðni 14. mars hreppsnefndarinnar í Mosvallahreppi, veitir stjórnnarráðið hjer með samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Þórustöðum til Flateyrar, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.